

Frumvarp til laga

um

útflutningsgjald á ull um stundarsakir.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

1. gr.

Af ull skal greiða í útflutningsgjald 5 aura af vog (kg) hverri; um gjald þetta og greiðslu fer eftir fyrirmælum laga 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1911; gjaldið skal þó ekki innheimta fyr en konungur hefir staðfest lög um útrýming fjárkláðans.

Frumvarp til laga þessara endurskoðara skal landsstjórnin leggja fyrir hið reglulega alþingi 1913; hafi við endurskoðun þessa ekki komist á breyting á lögum þessum, skal gjaldið samkvæmt þeim ekki innheimta lengur en til 1. júní 1914.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er ekki ætlast til að gera útflutningsgjald á ull að tekjugrein til langframa handa landsjóði; tilgangurinn er sá einn, að fá með því tekjur til þess að greiða þann aukakostnað, sem lendir á landssjóði, ef lagafrumvarp það um útrýming fjárkláðans, sem lagt er fyrir alþingi jafnframt frumvarpi þessu, verður að lögum. Í athugasemdunum við greint frumvarp er gerð grein fyrir því, að þótt hafi haganlegra að fá kostnað þenna endurgreiddan með útflutningsgjaldi heldur en beinlínis með niðurjöfnun á fjáreigendur, sem yrði umsvifameira. Þess skal getið, að á síðari árum hefir útflutt ull numið um 750,000 vogum (kg) á ári; útflutningsgjaldið mundi því nema um 37,500 kr. á ári. Með því að ekki verður séð fyrir, hve mikill verður kostnaður landssjóðs útrýmingar fjárkláðans, en hins vegar ekki ætlast til, að gjald þetta verði innheimt lengur en með þarf til þess að greiða þenna kostnað, þá er lagt til, að lög-in verði endurkoðuð á alþingi 1913 og þá sett fullnaðarákvæði um, hve lengi gjald þetta skuli greiða. En fari svo, að þingið 1913 geti ekki komið sér saman um ný ákvæði, er séð fyrir því, að lög-in gildi aðeins um stundarsakir, með ákvæðinu um, að gjald þetta falli þá niður 1. júní 1914.
